

Svo greiði kærði og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 20. dez. 1933.

Nr. 69/1933. **Oddsteinn Friðriksson**

gegn

skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum og firmanu Gunnar Ólafsson & Co.

Úrskurður skiptaréttar um gjaldþrot. Staðfesting.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyjakaupstaðar 10. febr. 1933: Bú Oddsteins Friðrikssonar, Hásteinsveg 5, hér, ber skv. 1. gr. laga 25/1929 að taka til gjaldþrotaskipta.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu hins stefnda firma Gunnars Ólafssonar & Co. var í fógetarétti Vestmannaeyja, hinn 3. febr. 1933, lagt löghald á eignir áfrýjanda til tryggingar skuld hans við téð firma, að upphæð kr. 16.719,88 ásamt vöxtum og kostnaði. Voru eignir áfrýjanda við löghaldið metnar á kr. 33185,00, en veðskuldir, er á þeim hvíldu, voru taldar vera kr. 27600,00. Daginn eftir löghaldið, hinn 4. febr. s. l. krafðist löghaldsbeiðandi þess, að bú áfrýjanda væri tekið til gjaldþrotaskipta, og eftir að málið hafði verið sótt og varið fyrir skiptaréttinum gekk úrskurður skiptaréttarins í því, hinn 10. febr. s. l., á þá leið, að bú áfrýjanda skyldi tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 12. júlí s. l., að fengnu áfrýj-

unarleyfi, dags. 10. s. m. Hefir hann stefnt skiptaráðandanum og gjaldprotabeiðandanum, og hefir hann krafizt þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði fortakslaust ómerktur, en til vara, að hann verði ómerktur, nema því aðeins að Gunnar Ólafsson konsúll í Vestmannaeyjum synji fyrir það með eiði, að áfrýjandi hafi gert athugasemdir við þær færslur á viðskiptareikningi sínum hjá firmanu Gunnar Ólafsson & Co. í Vestmannaeyjum fyrir árin 1925—1932, sem taldar eru í sérstakri sundurliðun, er áfrýjandi hefir lagt fram hér í réttinum. Ennfremur krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér málskostnað í hæstarétti samkvæmt mati réttarins, annað hvort in solidum eða til vara annar hvor þeirra.

Af hálfu stefndu hefir þess verið krafizt, aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur óbreyttur, en til vara, að hann verði staðfestur með þeirri breytingu, að gjaldprotabeiðanda verði gert að skyldu að setja tryggingu fyrir afleiðingum gjaldprotaskiptanna. Svo hafa þeir og krafizt þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Krafa sú, er löghaldið var gert fyrir og gjaldprotabeiðnin er studd við, er viðskiptaskuld, er firmað Gunnar Ólafsson & Co. telur til hjá áfrýjanda að upphæð kr. 16,719.88. Samkvæmt því sem upplýst er í málinu, hefir áfrýjandi staðið í föstu viðskiptasambandi við firmað árin 1925—1932, aðallega út af kaupum á vélbátnum Gunnar Hámundarson, og útgerð hans síðar, en áfrýjandi á bát þennan að þriðjungi, og nam skuld hans við firmað út af viðskiptum þessum framannefndri upphæð í árslok 1932, samkvæmt reikningum, sem lagðir hafa verið

fram í málinu. Við löghaldið hélt áfrýjandi því fram, að hann skuldaði gerðarbeiðanda ekki neitt, ef reikningar þeirra væru rétt upp gerðir, með því að gerðarbeiðandi hefði skuldað sig um upphæðir, sem sér væri með öllu óviðkomandi, en hann hefði ekki getað fengið þetta leiðrétt, þrátt fyrir margendurtekin tilmæli í þá átt, en nánari grein gerði hann að svo stöddu ekki fyrir athugasemdum sínum við reikningana.

Í skiptaréttinum komu hinsvegar fram sundurliðuð mótmæli frá áfrýjanda gegn ýmsum liðum reikninganna, er hann taldi ranglega færða sér til skuldar, og nema þeir alls kr. 11.946,27. Gegn afgangi reikningsskuldarinnar kr. 4773,51, bar hann og fram ýms mótmæli, er þó eigi lutu að neinum sérstökum liðum reikninganna, en með því að eignir hans við uppskrift búsins 11. og 13. febrúar síðast liðinn voru virtar á kr. 36133,49, en veðskuldir er á þeim hvíldu voru taldar nema kr. 27600,00, auk veðskuldar á fiski, sem eigi er tilgreint hve há sé, en sýnist hafa verið lítilræði, þá telur áfrýjandi með þessu sýnt, að hann eigi fyrir skuldum, og að skilyrði séu því eigi fyrir hendi til þess, að bú sitt sé tekið til gjaldþrotaskipta, en engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, hvort óveðtryggðar skuldir hafi hvílt á áfrýjanda, aðrar en áður nefnd krafa Gunnars Ólafssonar & Co., enda verður eigi séð að skiptaráðandinn hafi krafist hann skýrslu um það atriði.

Í þessu máli er aðeins spurning um það, hvort skiptarétturinn átti að taka bú áfrýjanda til skipta eftir að véfengingar hans á reikningunum voru komnar fram. Liðir þeir í reikningunum, er áfrýjandi mótmælti, tilheyra árunum 1925—1931. Er

mótmælt kr. 2005,67 á reikningnum fyrir árið 1925, kr. 1549,15 fyrir árið 1926, kr. 2568,93 fyrir árið 1927, kr. 1040,00 fyrir árið 1928, kr. 1269,38 fyrir árið 1929, kr. 1230,16 fyrir árið 1930 og kr. 2283,08 fyrir árið 1931. Af hálfu gjaldþrotabeiddanda er því ómótmælt haldið fram, að áfrýjandi hafi árlega fengið viðskiptareikning og ennfremur hefir gjaldþrotabeiddandinn haldið því fram, að áfrýjandi hafi aldrei mótmælt reikningunum fyrr en í skiptaréttinum. Gegn hinum síðasttöldu mótmælum hefir áfrýjandi eigi sannað eða gert nægilega líklega þá staðhæfingu sína, að hann hafi farið fram á leiðréttingu á reikningunum við firmað. Verður því eigi talið að þessi mótmæli hans í skiptaréttinum hafi gefið ástæðu til að neita um skiptin og með því ennfremur að engin krafa um tryggingu kom fram frá áfrýjanda í skiptaréttinum ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Málskostnað í hæstarétti þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndu með 100 krónum til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Oddsteinn Friðriksson, greiði stefndu, skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum og firmanu Gunnar Ólafsson & Co. málskostnað í hæstarétti með 100 krónum til hvors að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hinn 3. þ. m. lét firmað Gunnar Ólafsson & Co. leggja lögghald á eignir Oddsteins Friðrikssonar, útgerðarmanns, hér, til heimilis á Hásteinsveg 5, til tryggingar skuld, er

firmað taldi sig eiga hjá honum, að upphæð kr. 16719,88. auk vaxta og kostnaðar. Oddsteinn Friðriksson mótmælti þegar við þá gerð að skulda nefndu firma nokkuð. Við gerðina voru eigur þær virtar, sem Oddsteinn vísaði á til tryggingar hinni umkröfðu, en mótmæltu skuld, þannig: Húseignin Hásteinsvegur 5 að frádregnum á-

hvilandi skuldum	kr. 3900.00
$\frac{1}{2}$ úr v. b. Gunnar Hámundarson, með tilh.	
að fráðreginni áhvilandi skuld	— 1500.00
Þerrireitur	— 185.00
	kr. 5585,00

Oddsteinn Friðriksson hefir einnig fyrir skiptaréttinum mótmælt að skulda nefndu firma og því mótmælt gjaldþrotabæðninni.

Gjaldþrotabæðandi hefir að réttarins áliti hér fyrir skiptaréttinum nægilega rökstutt að hafa greitt vegna Oddsteins Friðrikssonar meiri upphæðir en þessum áðurnefndu kr. 5585 nemur, með því að sanna, að hann, (firmað Gunnar Ólafsson & Co.), hefir smám saman borgað í vexti og afborganir af vixli, upphæfl. 19000 kr. samþ. af Sig Friðrikssyni 18. febr. 1925, en útg. af Oddsteini og ábektum af nefndu firma, að minnsta kosti kr. 7100.00 í afborganir og kr. 2566.69 í forvexti og stimpilgjald, eins og vottorð Útvegsbankans í rskj. 6 sýnir og Oddsteinn ekki hefir vefengt.

Þar sem Oddsteinn Friðriksson var ábyrgur gagnvart firmanu um þessar greiðslur, sem hinir framlögðu reikningar firmans bera með sér að voru talðar honum til skuldar með meiri upphæðum, en ofanefndum kr. 5585.00 nemur og þar sem hann heldur ekkert hefir upplýst um að hafa mótmælt þessum innfærslum, sem þó fóru fram árum saman, þá verður, eftir þeim sönnunargögnum, sem liggja fyrir þessum rétti að telja sannað að firmað Gunnar Ólafsson & Co. eigi meira hjá Oddsteini Friðrikssyni, en netto eignum hans nemur, því að hér liggur ekkert fyrir, um að Oddsteinn hafi greitt Gunnari Ólafssyni & Co. það sem firmað borgaði af þeim 13000 kr., sem vixill þeirra bræðra nam, eftir að Oddsteinn hafði, — að því er virðist, — greitt firmanu sinn hluta 19000 kr. vixilsins, 18. febr. 1925, (rskj. 10) að frádregnum þeim kr. 5200, eftir-

stöðvum vixilsins sem Oddsteinn greiddi síðar (rskj. 11). Heldur er ekkert sannað um að aðrir hafi greitt firmanu þetta aftur.

Án þess að farið sé frekar út í skuldaskipti aðila, þykir því, eins og málið liggur fyrir þessum rétti, mega telja nægar upplýsingar komnar fram til sönnunar því, að firm- að Gunnar Ólafsson & Co. eigi meira hjá Oddsteini Frið- rikssyni, en eigur hans nema, skv. virðingu við löghalds- gerð þá, sem fram fór 3. þ. m. og að því beri að taka til greina kröfu firmans um gjaldþrotameðferð á húi skuldu- nauts.

Miðvikudaginn 20. dez. 1933.

Nr. 62/1933. **Guðmundur I. Einarsson og Jósep Jónsson**

gegn

**aðalbankastjóra Útvegshanka Íslands
h/f, f. h. bankans.**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur I. Einarsson og Jósep Jónsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. auka- gjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.